

Alþingi
Erindi nr. P 140/2768
komudagur 18.9.2012



Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 18.9 2012
Tilvísun: 201206-0023

Efni: Frumvarp um breytingu á lögreglulögum nr. 90/1996 (739. mál).

Alþýðusamband Íslands tekur undir þær athugasemdir sem Landssamband lögreglumanna gerir við efni þessa frumvarps að því er varðandi verkfallsrétt lögreglumanna.

Verkfallsréttur launafólks er er hluti af grundvallarréttindum í öllum lýðræðisríkjum sem stjórnvöldum ber að viðurkenna og vernda. Lögreglumenn gegna mjög sérstökum og mikilvægum störfum til varnar borgurunum og stofnunum samfélagsins. Eðlilega getur verkfallsréttur þeirra takmarkast í framkvæmd, líkt og við getur átt um aðrar stéttir sem gegna lykilhlutverki hvað varðar öryggi og veiferð borgaranna. Þær takmarkanir geta hins vegar ekki leitt til þess að verkfallsréttur allra lögreglumanna í öllum störfum sem undir kjarasamninga þeirra falla takmarkist fyrirfram, nema og þá því aðeins að sérstaklega sé um slíkt samið fyrirfram og með afturkallanlegum hætti.

Landssamband lögreglumanna hefur lagt áherslu á að lögreglumenn endurheimti verkfallsrétt sinn. Þá kröfu styður Alþýðusamband Íslands heilshugar.

Beðist er velvirðingar á því hve seint umsögn þessi er send.

Virðingarfyllst,

A large, stylized handwritten signature in black ink, which appears to read 'Magnús M. Norðdahl'.

Magnús M. Norðdahl hrl.
Lögfræðingur ASÍ.

Alþýðusambandi Íslands

Laugavegur 1 • Reykjavík
Sími: 592 1100 • Fax: 592 1101
ASÍ.is • 592 1100